

Hverfisráð Hríseyjar

148. fundur

Þriðjudaginn 3. nóvember 2021 kl. 20:30 var haldinn 148. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Ólafur Búi Ólafsson. Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi var áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Akureyrarbæjar. Ingibjörg Zophoníasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey sat fundinn undir 3. og 4. lið.

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé

Rætt um framkvæmdafé og ráðstöfun þess. Hverfisráð óskar eftir að fjármagni verði áfram varið í framkvæmdafé til verkefna sem hverfisráð hefur áhrif á í hvað er ráðstafað.

2. Markaðssetning á búsetu í Hrísey

Undirbúningsvinna er hafin hjá hverfisráði vegna vinnu við markaðssetningu á Hrísey sem búsetukosti.

3. Cittaslow

Rætt um Cittaslow verkefnið og vinnuna fram undan.

4. Önnur mál

- a. Í samþykkt fyrir hverfisráðin í Hrísey og Grímsey kemur fram að hverfisráð skuli að jafnaði halda 6 fundi á ári og aukafundi eftir þörfum. Þar sem fjárhagsáætlun er stillt upp út frá þessari samþykkt óskar hverfisráð eftir heimild til að bæta við fleiri fundum fyrir næsta ár eða að jafnaði einn fund í mánuði, vegna aukinnar vinnu við Cittaslow og fleiri verkefni.
- b. Um nokkurt skeið hefur verið rædd hugmynd um stöðu húsvarðar fyrir eignir Akureyrarbæjar í Hrísey. Telur hverfisráð þörf á að hafa starfsmann í eyjunni sem hefur yfirumsjón með fasteignum og lóðum og getur sinnt ýmsum störfum sem telja má til húsvarðarstarfa ásamt því að geta verið tengiliður við svið og starfsmenn bæjarins. Óskar hverfisráð eftir fundi um málið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30

Að fundi loknum fóru hverfisráð og þjónustufulltrúi yfir þau 75 atriði í matskvarða frá Cittaslow samtökunum, sem er skipt í sjö flokka. Vinnan er nokkuð tímafrek þar sem þarf að ræða hvert atriði og meta í hvaða farveg hlutirnir eiga að fara svo sem í hvaða hópum þarf að ræða hlutina. Framhald á vinnunni verður á næsta fundi.

Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon